

Alþingi, nefndasvið  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. febrúar 2018

Tilvísun: 2018020306HSP/--

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt)**

Persónuvernd vísar til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 14. febrúar 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt) (35. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þskj. 35).

Með frumvarpinu er lagt til að 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, falli brott, en í tilgreindu ákvæði er íslenskur ríkisborgararéttur gerður að skilyrði fyrir skipun eða ráðningu í starf. Þá segir að þó megi ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig megi víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega standi á.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,

  
Þórhildur Sveinsson

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir